

49
23. júní

L Ö G

um

breyting á hafnarlögum fyrir Reykjavíkurborg, nr. 19, 11. júlí 1911.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Reykjavíkurborgin takmarkast landmegin af strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur. Að norðanverðu tekur höfnin yfir skipalægi fyrir innan eyjar þær, er að höfninni liggja, að netlögum Engeyjar og Viðeyjar. Þó hefir Viðey óskertan og kvaðalausan rétt til bryggju- og hafnargerðar, þótt lengra nái frá landi en netlög.

Að sunnanverðu tekur Reykjavíkurborgin yfir skipalægi við strandlengju lögsagnarumdæmis Reykjavíkur við Skerjafjörð.

2. gr.

Aftan við þriðju málsg. 4. gr. bætist svo hljóðandi málsgrein:

Nú notar sá, er fengið hefir leyfi til að gera eitthvert mannvirki í höfninni, eigi leyfi sitt innan tveggja ára frá veitingu þess, og fellur það þá niður.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarstjórn. Hafnarstjórn skal skipuð 5 fulltrúum, er bæjarstjórn kýs, 3 úr tölu bæjarfulltrúa og 2 utan bæjarstjórnar. Fulltrúar þeir, er kosnir eru utan bæjarstjórnar, skulu vera úr tölu þeirra manna, er þekkingu hafa á verzlun, útgerð og siglingum. Fulltrúa þessa skal kjósa leynilega með hlutfallskosningu, fulltrúana úr tölu bæjarfulltrúanna sér og fulltrúa utan bæjarstjórnar sér.

Kjörtímabil hafnarstjórnar er eitt ár og fylgir kjörtímabili nefnda bæjarstjórnar.

Það er borgaraleg skylda að taka við kosningu í hafnarstjórn. Auk hinna kjörnu fulltrúa mæta borgarstjóri og hafnarstjóri á fundum hafnarstjórnar, og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.

Hafnarstjórn kýs formann hafnarstjórnar, og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra. Kjósa má borgarstjóra eða hafnarstjóra formann hafnarstjórnar, þótt eigi hafi þeir þar atkvæðisrétt. 49
23. júní

Hafnarstjórn sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, er þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar fyrir hönd bæjarstjórnar.

4. gr.

7. gr. orðist þannig:

Daglegar framkvæmdir og eftirlit annast hafnarstjóri undir umsjón hafnarstjórnar. Bæjarstjórn skipar hafnarstjóra eftir tillögu hafnarstjórnar. Aðra fasta starfsmenn ræður hafnarstjórn.

5. gr.

8. gr. orðist þannig:

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Bæjarsjóður ábyrgist skuldir Reykjavíkurhafnar.

Samþykktir, er snerta fjárhag hafnarinnar, öðlast eigi gildi nema samþykki hafnarstjórnar komi til.

6. gr.

Þar, sem í lögum er nefnd hafnarnefnd Reykjavíkur, komi hafnarstjórn Reykjavíkur.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru með þeim numin úr gildi lög nr. 22 frá 22. okt. 1912.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.